

Hvernig menntun þurfa 5 ára börn
Afmælisráðstefna Rannung 10 ára
Grand hótél, 15. maí

Lærdómur - ályktanir - sjónarmið –
Eyrún María Rúnarsdóttir, doktorsnemi við Mvs HÍ

Til hamingju með daginn Rannung og takk fyrir góðan dag og frábær innlegg!

Ég var fengin til að taka saman ráðstefnuna og fyrst og fremst skilst mér að það hafi þó mikill kostur að ég hef ekkert vit á leikskólastarfi eða menntun 5 ára barna. Það þótti sem sagt gagnlegt fyrir þátttakendur að fá hér að borðinu fersk og fávís augu í þetta tiltekna hlutverk.

En, ég er sem sagt doktorsnemi á Menntavísindasvið, beini sjónum að eldri börnum og allt annars konar samhengi, sem er kannski allt önnur saga.

Heilt yfir finnst mér þessi dagur hafa einkennst af

- Bröndurum
- Skemmtilegri innsýn í leik og viðfangsefni 5 ára barna, sem er alveg bráðnauðsynlegt á svona vettvangi, þ.e. að heyra raddir barnanna sjálfra. Oft erum við gjörn á að tala um börn en hér hefur þeirra heimur fengið sess sem er vel.
- Dagurinn hefur einnig öðru fremur beinst að hugtakinu leikur. Það minnir mig á að passa upp á leikinn því hann er líka góður fyrir fullorðið fólk
- Hér komu einnig fram á sjónarsviðið smellnar og skemmtilegar tilvísanir og mig langar kannski að nýta þær fyrst og fremst til að þemagreina aðeins umræðu dagsins og tala út frá þeim.

1. “Hvað er best fyrir börn“.

Ingibjörg Kristleifsdóttir opnaði ráðstefnuna með þessum orðum.

Í raun hafa öll erindi hér í dag snúist um þessa spurningu; Hvað er best fyrir börn? Í huga foreldra þótti mér sýnin skýr; tilfinningalegar og félagslegar þarfir barna á þessum aldri ættu að vega þyngst og skipta hvað mestu máli sem góð undirstaða til framtíðar. Í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur var megináhersla á persónulega hæfni og félagslega þætti og mér fannst einnig að þær Gunnlaug og Sif væru að

meta hvort leikskóli eða 5 ára bekkur hentaði þeirra börnuum eftir nákvæmlega sömu formerkjum. Það sem er best fyrir börn fer líka mjög eftir þroska og hæfni hvers og eins og hvar það barn er statt.

2. „Með því að leika mikið“ ... og stundum með eldri líka“ er vísun í orð barna sem kom frá Sigrúnu á Ægisborg. Þetta eru svör barna við spurningunni um að hvernig maður lærir að leika sér. Kannski er þetta líka svarið við spurningunni hvað er best fyrir börn.

Leikurinn var áhersluatriði í mörgum erindanna og lögð var áhersla á sjálfsprottn og frjálsan leik. Þá var lagt upp úr að halda í áherslu leikskólans á leik í þeim skólum þar sem 5 ára bekkur var færður yfir til grunnskóla.

Í þessu samhengi kom svo fram þriðja tilvísunin sem var

3. „Forðumst leiðindi“ frá Kristínu Karlsdóttur. Þessi orða tengjast sjálfsprottna leiknum og mikilvægi þess að byggja á áhuga barnanna. Síðast en ekki síst komu svo fram þessi skemmtilegu orð Ásmundar á Ægisborg:

4. „Leikskólakennsla er laumuspil“

Við munum líklega öll ganga út með sterka mynd í huga af börnunum á Ægisborg sem þjálfuðu margskonar hæfni í skemmtilegum leik sem þó var innblásinn af vali kennara á bók til að lesa með börnunum. Fleiri ræddu viðfangsefni 5 ára barna á samskonar nótum svo sem um indjánapemað á Urðarhóli sem varð til útfrá áhuga barnanna sjálfra og í máli þeirra Guðbjargar og Bryndísar um stærðfræðinám.

Að auki höfum við líka heyrt um

- Umgjörð og stefnumótun skóla s.s. hjá Gunnari, Prúði og Gesti. Þar takast á hugmyndir um samkeppni og mælingar markaðshyggju á móti sveigjanleika og opnum tækifærum fyrir alla, sem norræn menntastefna hvílir á.
- Mismunandi ástæður þess að farið er af stað með 5 ára bekk; vöntun á skólahúsnæði eins og í Vestmannaeyjum eða faglegar ástæður s.s. áhugi á að samþætta betur leikskóla og grunnskólastarf eins og í Flataskóla

En, hér var fyrst og fremst lagt upp með spurninguna:

Hvernig menntun þurfa 5 ára börn?

Sumir hér hafa svarið því þannig að 5 ára börn þurfi fyrst og fremst að leika sér meira og leika sér meira frjálst.

Eftir daginn er ég margs fróðari en þó ekki þannig að ég treysti mér til að svara þessari spurningu í eitt skipti fyrir öll. Kannski er það heldur ekki markmið í sjálfu sér því að spurningar og rökræður um menntun ættu að vera lifandi og ef við hefðum endanleg svör væri okkur kannski fyrsta hætta búin.

Að endingu þakka ég skemmtilegan dag og fróðleg innlegg og þakka áheyrnina.

15. maí 2017

Eyrún María Rúnarsdóttir